



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 29. apríl 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um grunnskóla nr. 91/2008, og lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 (fagráð eineltismála). Þingskjal 1995, 716. mál, 151. löggjöfing.

Virðingarfyllt,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um grunnskóla nr. 91/2008, og lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 (fagráð eineltismála)**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn athugasemdir við ofangreint mál.

Samtökin sendu umsögn um málið er það var í samráðsgátt stjórnvalda eins og fjallað er um í greinargerð með frumvarpinu. Þar sem ekki var talið tilefni til að gera breytingar á frumvarpinu í tilefni hennar, vilja Barnaheill ítreka fyrri afstöðu sína og fer umsögnin því hér á eftir, samhljóða þeirri fyrri.

Barnaheill fagna þeim áformum um að styrkja lagalega stoð fagráðs eineltismála. Hins vegar vilja samtökin nýta tækifærið til að benda á eftirfarandi:

Barnaheill telja mjög mikilvægt að fullnægjandi stoð sé í lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla hvað varðar einelti. Mikilvægt er að eineltismál séu unnin af fagmennsku og samkvæmt bestu og nýjustu rannsóknum.

Í greinargerð með frumvarpinu er hlutverk fagráðs eineltismála skilgreint á eftirfarandi hátt:

*Fagráð eineltismála í grunn- og framhaldsskólum starfar [...] hjá Menntamálastofnun og hefur það hlutverk að veita skólasamfélaginu stuðning vegna eineltismála með almennri ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingagjöf. Þá er hægt að vísa eineltismálum til fagráðsins ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn á eineltismálum innan skóla eða sveitarfélags eða vegna meints aðgerðaleyfis sömu aðila. Skal þá fagráðið veita ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem því berast.*

Barnaheill telja nauðsynlegt að hlutverk fagráðsins sé ekki síður að efla forvarnir gegn einelti og styðja skóla til að koma í veg fyrir einelti og þann skaða sem það getur valdið til lengri tíma, bæði einstaklingum og hópum. Svo hægt sé að stuðla að forvörnum telja samtökin að efla þurfi fræðslu um mikilvægi góðra samskipta og jákvæðs skólabrags, bæði á meðal nemenda og allra starfsmanna skóla.

Samkvæmt nýjustu rannsóknum og viðhorfum til eineltis er nú litið á einelti sem menningarlegt, samskiptalegt og félagslegt mein fremur en einstaklingsbundinn vanda. Einelti er fyrst og fremst afleiðing ótta við útilokun úr hópnum þar sem viðkomandi aðilar reyna að tryggja eigin stöðu. Þess vegna er mikilvægt að vinna alltaf með nemendahópinum í heild sinni þegar upp koma eineltismál, fremur en að einblína á að einhver sé gerandi og annar þolandi. Einelti festir síður rætur í umhverfi þar sem nemendur og starfsfólk hafa tileinkað sér virðingu fyrir margbreytileikanum, umhyggju og umburðarlyndi.

Í þeim tilfellum sem einelti hefur átt sér stað þarf að sjálfsögðu að veita þeim einstaklingum sem fyrir því verða aðstoð við að byggja upp sjálfsmynd sína á ný. Jafnframt er mikilvægt að vinna með allan nemendahópinum sem heild til að fyrirbyggja að slík mál komi upp á ný því ef ekki er ráðist að rót vandans sem liggur í samskiptum og skólabrag er sú hætta á ferð að eineltið viðgangist áfram.

Barnaheill hvetja til þess að hlutverk fagráðsins verði endurskilgreint með það fyrir sjónum að það veiti einnig ráðgjöf til skóla um hvernig koma megi í veg fyrir einelti.

Barnaheill leggja mikla áherslu á vernd barna gegn ofbeldi, þ.á m. einelti og vanrækslu og á rétt barna til að hafa áhrif á ákvarðanir sem þau varða. Samtökin hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.